

Akureyri 17.11.2021

Berist til: Skipulagsráð Akureyrarbæjar

Efni: Beiðni um undanþágu skilyrðis um tímalengd auglýsinga

Knattspyrnufélag Akureyrar ( hér eftir nefnt KA) óskar eftir undanþágu frá fyrri bókun Skipulagsráðs, málsnúmer 2021010035, vegna tímalengdar á milli auglýsinga á skilti félagsins við Þingvallarstræti/Dalsbraut.

Þann 2.1.2021 sendi KA erindi til Skipulagsráðs þar sem óskað var eftir að skipta út eldra auglýsingaskilti fyrir LED-auglýsingaskilti.

Á fundi sínum þann 13.01.2021 samþykkti Skipulagsráð breytinguna með því skilyrði að ekki verði um hreyfimyndir eða blikkandi ljós að ræða og að minnsta kosti 1 mín líði á milli auglýsinga.

Að mati KA er um verulega íþyngjandi skilyrði að ræða sem gengur lengra en skiltareglugerð kveður á um almennt. Samanber grein 9.4.5 í gildandi samþykktum Akureyrarbæjar um skilti og auglýsingar þar sem segir; „Á flettiskiltum og ljósaskiltum skal ekki líða minna en ein mínúta frá því að ein auglýsing birtist og þar til sú næsta birtist. Það á þó ekki við um tölvustýrð ljósaskilti, sem byggjast á hreyfimyndum.“

Umrætt skilti er ljósaskilti sem byggir á því að form eða texti eru mynduð með ljósum eða öðrum samsvarandi hætti. Almennt gildir því að um tölvustýrt ljósaskilti er að ræða. Hver og ein auglýsing lifir almennt í 8 sekúndur á sambærilegum skiltum, m.a. á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu.

KA vill einnig koma því á framfæri að brugðist hefur verið við ábendingum íbúa á svæðinu um ljósstyrk frá skiltinu. Settir hafa verið upp birtuskynjarar sem draga verulega úr birtu þegar dimmir. Þá hafa einnig verið settar upp tímastillingar sem gera það kleift að slökkva á skiltinu milli 22:30 og 07:00.

KA óskar því eftir breytingu á bókun Skipulagsráðs frá 13.01.2021 með þeim hætti að undanþága um tímalengd gildi um tölvustýrða ljósaskiltið á svæði KA skv Samþykktum Akureyrarbæjar um skilti og auglýsingar.

Virðingarfyllt

Ingvar Gíslason

Formaður KA

Ingvar Gíslason